

hans, sem hefir staðið flestum hinna hugsandi manna samtíðarinnar fyrir augum sem markmið sögunnar eða mannkynsins.

J. Stuart Mill segir t. d. í einum stað í bók sinni „Utilitarianism“, að það sé betra að vera óánægður maður heldur en ánæggt dýr, betra að vera óánægður Sókrates heldur en ánægður heimskingi. Eg tek hér undir með Mill, og held því fram, að það sé ekki einungis betra heldur langtum hamingjusamara, því hinn sterkasti móttækilegleiki sorga og andstreymis er ekki of há borgun fyrir aukið göfgi og gildi alls lífsins. Að vísu hittir Mill hér ekki alveg naglann á höfuðið, því siðfræðislega talað er ekki spurningin um það, hvort sé betra að vera óánægður Sókrates eða ánæggt dýr, heldur hvor sé hamingjusamari, Sókrates eða dýrið. Það er því ekki of langt gengið, þó maður hér noti orðið „hamingjusamur“ í þess yfirgrípsmestu merkingu, og segi að Sókrates hafi verið hamingjusamari, já, með eiturbikarinn í hendinni. Hann varð fyrir ógæfu, en hann var sjálfur ekki ógæfusamur, því sálarþrek hans var óbifanlegt. Vitri maðurinn á bálinu mitt á meðal loganna er ekki ógæfusamur. Jóhann Húss var það ekki.

Þótt allir læri að lesa og skrifa, og að því leyti hafi jafnan aðgang að öllu því, sem ritað er, þá minnar eigi fjarlægðin milli hinna fáu, sem bera menningu fjöldans á herðum sér, og fjöldans sjálfs, því þrátt fyrir það, að honum miðar smátt og smátt áfram í menningaráttina, þá eru hugsjónir og andlegur þroski stórmennanna allt af svo óendanlega langt á undan fjöldanum.

Það er hægt að benda á ýmsa mikla menn, þar sem mikilleiki þeirra stafar af einhverri sérstakri og óvæntri ógæfu eða af pólitísku ósjálfstæði þeirrar þjóðar, sem þeir tilheyra. Um þannig lagaða menn virðist þeirri spurningu auðsvarað, hvort betra hefði verið, að vera án þeirra eða ekki.

Jóhanna frá Orleance og Bismarck eru dæmin.

Stúlkuna frá Orleance er að eins hægt að hugsa sér undir sömu kringumstæðum, sem hún átti við að búa, nfl. niðurlægingu þá, sem föðurland hennar var fallið í.

Það tjón, sem Englendingar á þeim tíma unnu föðurlandi hennar, virðist nú fyrir löngu bætt, en bóndadóttirin frá Dom-